| Nemandi getur;<br>• sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum,<br>• sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni,<br>• sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma,<br>• getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins. | • Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í enskum menningarheimi.<br>• Lesefni og umfjallanir um menningu, viðburði og hátíðir.<br>• Umræður milli nemenda og kennara.<br>• samfélagsmiðlar.<br>• myndefni af ýmsum toga, textar, sögur og ævintýri frá viðkomandi málsvæði, · fréttaveitur og aðrir upplýsingamiðlar. | • Kvikmyndir og þáttaraðir þar sem áherslu er á mismunandi menningarsvæði.<br>• Textar og hlustunaræfingar í námsefni tengt Írlandi, Suður-Afríku, Bretlandi og Bandaríkjunum.<br>• Kynningar og þemaverkefni tengd mismunandi menningu í enskumælandi löndum. | • verkefni um stjórnarfar, fána, tungumál, mállýskur, höfuðborgir og fleira.<br>• ýmis menningartengd verkefni, s.s. samfélagsmiðlar.<br>• kvikmyndir/þemaverkefni um mismunandi menningarsvæði. |
| **Námsþáttur: Námshæfni** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nemandi getur;<br>• sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu,<br>• Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.<br>• beitt margvíslegum námsaðferðum<br>• sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d.<br>• nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða,<br>• beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf,<br>• unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja,<br>• nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. | • þjálfun í að nota algengustu hjálpargögn til tungumálanáms,<br>• sjálfsmat, jafningjamat og þjálfun í markmiðssetningu,<br>• þjálfa ýmsar leiðir til að ná árangri í tungumálanámi, t.d. orðaforðatileinkunn og aðra færniþætti,<br>• vinna með ýmis konar ítarefni við tungumálanámið,<br>• frelsi í framsetningu verkefna og verkefnavali. | • notkun orðabóka<br>• leit á veraldarvef<br>• hugtakakort. | • fjölbreytt verkefni unnin í tölvu með aðstoð ýmissa hjálpargagna. |

## 10.Náttúrugreinar

| **Námsþáttur: Geta til aðgerða** | | | |
|---|---|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nemandi getur;<br>• Tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvisst og flókið.<br>• greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni, | • Umræður<br>• Heimildamyndir | • Maður og náttúra | • Kennari metur þátttöku og skilning nemenda á huglægan máta. |
| **Námsþáttur: Gildi og hlutverk vísinda og tækni** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• Metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt,<br>• skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað,<br>• unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni,. | • | • | • |
| **Námsþáttur: Vinnubrögð og færni** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda, | • **Kynning á áhrifavöldum - hópaverkefni:** Nemendur vinna saman í hópum Slides-kynningu á þeim þáttum sem | • Umhverfisfræði | • Notast er við jafningjamat að hluta í slides-kynningunni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum,<br>• dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn, | stýra hversdagslífi nútímamannsins. Markmið er að reyna að varpa ljósi á þá þætti sem snúa að neyslu, framleiðslu og markaðshyggju.<br>• **Sjálfspróf og heimapróf:** Nemendur fá eina viku til að svara 10 spurningum sem tengjast grunnþáttum í umhverfisfræði. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. | | • Kennari fer yfir heimapróf og gefur einkunn fyrir ágæti svara og notkun heimilda. |
| **Námsþáttur: Ábyrgð á umhverfinu** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta,<br>• skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta | • **Kynning á áhrifavöldum - hópaverkefni:** Nemendur vinna saman í hópum Slides-kynningu á þeim þáttum sem stýra hversdagslífi nútímamannsins. Markmið er að reyna að varpa ljósi á þá þætti sem snúa að neyslu, framleiðslu og markaðshyggju.<br>• **Sjálfspróf og heimapróf:** Nemendur fá eina viku til að svara 10 spurningum sem tengjast grunnþáttum í umhverfisfræði. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. | • Umhverfisfræði | • Notast er við jafningjamat að hluta í slides-kynningunni<br>• Kennari fer yfir heimapróf og gefur einkunn fyrir ágæti svara og notkun heimilda. |

| **Námsþáttur: Að búa á jörðinni** | | | |
|---|---|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu,<br>• útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar,<br>• skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni,<br>• geta útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu, | • **Kynning á áhrifavöldum - hópaverkefni:** Nemendur vinna saman í hópum Slides-kynningu á þeim þáttum sem stýra hversdagslífi nútímamannsins. Markmið er að reyna að varpa ljósi á þá þætti sem snúa að neyslu, framleiðslu og markaðshyggju.<br>• **Sjálfspróf og heimapróf:** Nemendur fá eina viku til að svara 10 spurningum sem tengjast grunnþáttum í umhverfisfræði. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. | • Umhverfisfræði | • Notast er við jafningjamat að hluta í slides-kynningunni Kennari fer yfir heimapróf og gefur einkunn fyrir ágæti svara og notkun heimilda. |
| **Námsþáttur: Lífsskilyrði manna** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó,<br>• lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra, | • Nemendur gera sjálfspróf úr kennslubókinni samhliða fyrirlestrum kennara | • Náttúrufræði | • Krossapróf |
| **Námsþáttur: Náttúra Íslands** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nemandi getur;<br>• útskýrt hugmyndir um náttúru val, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika,<br>• lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi,<br>• tekið dæmi af og útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara.<br>• sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita, | • Við förum saman yfir námsefnið úr bókinni og gerum sjálfsprófið. Nemendur skrifa síðan um 600 orða **heimildaritgerð** sem fjallar um náttúruval og þróunarkenningu Darwins.<br>• Heimildamyndir | • | • Heimildaritgerð er metin út frá ágæti og innihaldi texta auk notkun heimilda. Nemendur fá ítarlega leiðbeinslu. |
| **Námsþáttur: Heilbrigði umhverfisins** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun,<br>• rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna, | • **Kynning á áhrifavöldum - hópaverkefni:** Nemendur vinna saman í hópum Slides-kynningu á þeim þáttum sem stýra hversdagslífi nútímamannsins. Markmið er að reyna að varpa ljósi á þá þætti sem snúa að neyslu, framleiðslu og markaðshyggju.<br>• **Sjálfspróf og heimapróf:** Nemendur fá eina viku til að svara 10 spurningum sem tengjast grunnþáttum í umhverfisfræði. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. | • Umhverfisfræði | • Notast er við jafningjamat að hluta í slides-kynningunni<br>• Kennari fer yfir heimapróf og gefur einkunn fyrir ágæti svara og notkun heimilda. |
| **Námsþáttur: Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nemandi getur;<br>• útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar,<br>• útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum,<br>• skýrt tengsl mannfjölda- þróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum, | • Nemendur rifja upp innri gerð frumeinda og taka 4 kafla úr Efnisheiminum. Síðan skoðum við hvernig geislun myndast og nýtist okkur. | • | • Í þessum hluta verður lagt fyrir nemendur **krossapróf** til að meta hæfni og skilning. |

## 10.Samfélagsgreinar

| **Námsþáttur: Reynsluheimur: Umhverfi, samfélag, saga, menning:** ***Hæfni nemanda til að skilja veruleikann*** | | | |
|---|---|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti og jöfnuði<br>• rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar – og samfélagsmálefni<br>• fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars,<br>• rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt, | • Umræðutímar<br>• Þjálfun í gagnrýnni hugsun<br>• textaskilningur<br>• samfélagið í dag rætt og útskýrt<br>• álitamál rædd | • Lýðræði<br>• Sjálfbærni og umhverfismál<br>• Gagnrýnin hugsun<br>• Upplýsingalæsi<br>• Stjórnkerfið og velferðarsamfélagið<br>• Siðferði og gildismat<br>• Staðalmyndir | • leiðsagnarmat<br>• þátttaka í umræðutímum<br>• skriflegt námsmat<br>• verkefni að eigin vali<br>• munnlegt próf<br>• Skólaþing |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi,<br>• útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmál og atvinnulíf<br>• greint hvernig stjórnmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf<br>• gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum,<br>• gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun,<br>• greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum,<br>• útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði, | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn,<br>• sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf | | | |
| **Námsþáttur: Hugarheimur: Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af félagslegu umhverfi, búsetu, stjórnmálum og sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum<br>• vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt<br>• sett sér markmið og til að stefna að í samræmi við eigin styrkleika og áhuga<br>• rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund,<br>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar, sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði, | • Umræðutímar<br>• Nemendaviðtöl nýtt til að aðstoða nemandann við að byggja upp námslegt sjáflstraust og trú á eigin getu. | • Gildismat<br>• Siðferði<br>• Menntun<br>• Heilbrigði og velferð<br>• Fjölmiðlar<br>• Ábyrgð | • leiðsagnarmat<br>• þátttaka í umræðutímum<br>• skriflegt námsmat<br>• verkefni að eigin vali<br>• munnleg próf<br>• |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða,<br>• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum,<br>• sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga. | | | |
| **Námsþáttur: Félagsheimur: Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu skólasamstarfi og samræðu,<br>• geta rökrætt á gagnrýninn hátt stöðu sína sem þátttakandi í lýðræðisþjóðfélagi, réttindi og skyldur<br>• útskýrt margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,<br>• vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttsýnan hátt og rökstutt<br>• komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra<br>• útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild | • efla ábyrgð nemenda á eigin námi<br>• umræður og lýðræði í skólastofunni<br>• upplýsingaöflun með gagnrýnum augum<br>• lestur og greining á efni bæði námsefni sem og fréttatengdu efni | • Umburðarlyndi<br>• Samfélagsreglur<br>• Borgaralegar skyldur og réttindi<br>• Frelsi og ábyrgð<br>• Gagnrýnin hugsun<br>• | • þátttka í umræðutímum<br>• verkefni að eigin vali |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi,<br>• fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum, | | | |

## 10.Skólaíþróttir

| **Námsþáttur: Líkamsvitund, leikni og afkastageta** | | | |
|---|---|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.<br>• Tekið þátt hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans. | • Innlagnir.<br>• Umræður.<br>• Sýnikennsla.<br>• Verklegar æfingar.<br>• Hópvinna.<br>• Einstaklingsvinna.<br>• Sjálfstæð vinnubrögð.<br>• Einnig er skipt í stóra og smáa hópa.<br>• Þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamsþol s.s hraðaleikjum, samfelldu rólegu skokki eða sundi í 20-30 mínútur.<br>• Öðlist grunnþekkingu á nokkrum hugtökum þolþjálfunar s.s þjálfunarpúls, hvíldarpúls, hámarkspúls.<br>Læri helstu hugtök í | Námsefnið er kynnt fyrir nemendum, bæði munnlega og myndrænt.<br>Við skólaíþrótta kennsluna eru notuð ýmis tæki:<br>• Boltar<br>• Mörk.<br>• Körfur.<br>• Dýnur<br>• Gjarðir<br>• Sippubönd<br>• Baunapokar<br>• Kubbar<br>• Hestar<br>• Rimlar<br>• Ofl. | • Próf og mat kennara.<br>• Nemendur taka 5 útitíma að hausti og vori þar sem þau hlaupa/skokka/ganga og vegalengd er mæld.<br>• Virkni, ástundun og þátttaka metin. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | þjálffræði og átti sig á hlutverki helstu vöðvahópa,<br>• Viðhaldi kunnáttu sinni um reglur og leikfræði helstu íþróttagreina.<br>• Nemendur taka próf tvisvar á ári (að hausti og vori). | | |
| **Námsþáttur: Félagslegir þættir** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• Rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi. | • Styrki sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun eða líkams- og heilsurækt.<br>• Skilji mikilvægi virðingar og góðrar framkomu.<br>• Aðstoði við að efla liðsanda bekkjar. | • Skipuleggi og framkvæmi sína eigin þjálfun og setji sér skammtíma- og langtíma markmið í íþróttum.<br>• Hreyfi sig að jafnaði 60 mín á dag og þekki mikilvægi góðrar næringar.<br>• Þekki muninn á styrktar- og þolþjálfun.<br>• Fái innsýn í hvernig íþróttir/sund geti nýst sem liður í endurhæfingu eftir slys eða veikindi.<br>• Kynnist afkastamælingum og geta lesið niðurstöður.<br>• Tileinki sér siðferðileg gildi íþrótta. | • Nemandi gerir styrktarþjálfunar prógram sem hann skilar sem kynningu |
| **Námsþáttur: Heilsa og efling þekkingar** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur; | • | • | • |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum.<br>• Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans. | | | |
| **Námsþáttur: Öryggis- og skipulagsreglur** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda. | • Þjálfist í að troða marvaða og 25 metra björgunarsund með jafningja.<br>• Læra og tileinka sér helstu atriði skyndihjálpar, sérstaklega þau sem snúa að björgun frá drukknun.<br>• Læri að umgangast áhöld og búnað á öruggan hátt, sýna öryggis- og umgengisreglum skilning og fylgja þeim eftir.<br>• Þjálfist í fatasundi eftir stungu af bakka og 50 metra sundi, þar af 6-8 metra kafsundi.<br>• Skynji og varist áhættusamar aðstæður í sundlaug. | • | • Björgunarpróf í sundi<br>• Skyndihjálparnámskeið á vegum skólans? |

## 10.Myndmennt

| **Námsþáttur:** | | | |
|---|---|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur: | | | Mat á lokaverkefni nemenda. Þættir sem eru til grundvallar mati eru m.a.: |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla,<br>• tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið,<br>• sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsinga- öflun, tilraunir og samtal,<br>• skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta,<br>• notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati,<br>• gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu,<br>• greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr,<br>• greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina,<br>• túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði, | • rannsóknarvinna og tilraunir,<br>• sýnikennsla og sjónrænar kveikjur, s.s. Veraldarvefurinn og bækur,<br>• umræðu- og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnrýna hugsun,<br>• vettvangsferðir til dæmis á söfn og sýningar,<br>• vinna við sjónlistir í nærumhverfi<br>• einstaklings, para- og hópvinna,<br>• jafningjafræðsla,<br>• heimsóknir listamanna. | • módel,<br>• hlutateikning,<br>• umhverfisteikning,<br>• maðurinn,<br>• listasaga,<br>• arkitektúr,<br>• tölvuteikning,<br>• safnferð,<br>• hönnun,<br>• tvívídd-þrívídd,<br>• bókverk,<br>• myndskreyting texta,<br>• abstrakt list,<br>• verkefni úr listasögu a.e. vali. | • sjálfstæði í vinnubrögðum<br>• rannsóknarvinna nemenda í tengslum við verkefnið<br>• þekking á formfræði<br>• þekking á litafræði<br>• þekking á eðli tvívíðrar og þrívíðrar listar<br>• þekking á eðli flokkunar í myndlist<br>• þekking á inntaki þeirrar liststefnu sem verkefninu tengjast<br>• þekking á eðli þeirrar framsetningar sem verkefninu tengjast<br>• þekking á möguleikum teikniforrita |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi,<br>• greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat. | | | |

## 10.Heimilisfræði

| **Námsþáttur: matur og lífshættir** | | | |
|---|---|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari. | • umræður um lífs- og matarvenjur og áhrif þeirra á líkama og líðan. | • námsbók,<br>• uppskriftabækur,<br>• efni frá kennara | • Umræður<br>• Ritgerð |
| **Námsþáttur: matur og vinnubrögð** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• skipulagt og matreitt fjölbreyttan, hollan og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni,<br>• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnin hátt um næringafræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum, aukaefni, geymslu og matreiðslu. | • unnið með ólíka miðla við leit af hollum uppskriftum,<br>• unnið með ólíka miðla við leit af næringarinnihaldi, aukaefnum, geymslu og matreiðsluaðferðum. | • námsbók,<br>• verkefnabók,<br>• ýmis áhöld,<br>• matvæli,<br>• fræðsluefni,<br>• uppskriftir (bækur og/eða netið),<br>• efni frá kennara. | • Hópverkefni metið: nemandi sýnir skilning á því að búa til holla máltíð með áherslu á hagkvæmni og nýtni.<br>• Ritgerð |

| **Námsþáttur: matur og umhverfi** | | | |
|---|---|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í vítt samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun. | • Umræður um sjálfbæra þróun. | • Námsbók,<br>• verkefnabók,<br>• fræðsluefni. | • Umræða í tíma um viðfangsefnið og skilningur metinn í samræmi við það |
| **Námsþáttur: matur og menning** | | | |
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur;<br>• | • | • | • |

## 10. Hönnun og smíði

| **Námsþáttur:** Hönnun- og smíði | | | |
|---|---|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Leiðir að hæfniviðmiðum** | **Viðfangsefni/efnisval** | **Námsmat** |
| Nemandi getur:<br>• tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði,<br>• sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,<br>• unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað<br>• framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrúfun,<br>• útskýrt hugmyndir sínar með fríhendisteikningu, smíðað eftir verklýsingu. | • sýnikennsla og sjónrænar kveikjur<br>• einstaklings- og paravinna<br>• Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín<br>• vinnubók/skissubók | • Kynnumst verkfærum og tækjum<br>• Smíðaverkefni við hæfi, einstaklings- og paraverkefni.<br>• Ræðum nýsköpun, sjálfbærni og hönnun almennt og förum yfir | Námsmat er í formi frammistöðmats. Í frammistöðumati er bæði hugað að námsferlinu og afrakstri námsins og einstaklingurinn er metin á eigin forsendum. Í frammistöðumati í hönnun og smíði eru settir fjórir þættir til grundvallar sem byggja á lykilþáttum um þekkingu, leikni og hæfni nemenda samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2011. Þeir eru: hugmyndaauðgi og hönnun, |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.<br>• greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval, | • Umræður í hóp | skilgreiningar á þessum hugtökum. | umgengni, verkfærni og vandvirkni, iðni og afköst.<br>Sjálfsmat fer einnig fram og hefur kennari það til hliðsjónar þegar einkunn er gefin. Nemandi metur eigin vinnu þ.e. virkni og umgengni<br>A:<br>Nemandi sýnir yfirburða hugmyndaauðgi og hönnun, sýnir mjög góða umgengni. Nemandi sýnir mjög góða verkfærni og vandvirkni, er mjög iðinn og sýnir mikil afköst.<br>B:<br>Nemandi sýnir hugmyndaauðgi og hönnun, sýnir góða umgengni. Nemandi sýnir góða verkfærni og vandvirkni, er iðinn og sýnir afköst.<br>C:<br>Nemandi sýnir slaka hugmyndaauðgi og hönnun, sýnir slæma umgengni. Nemandi sýnir slaka verkfærni og litla vandvirkni, er ekki iðinn og sýnir slök afköst. |